

Nd.

905. Nefndarálit

[215. mál]

um frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það kom strax í ljós við framlagningu þessa frumvarps, hversu undirbúningi þess hefur verið óvenju ábótavant. Þetta hefur komið enn glegggra í ljós við umfjöllun málsins, bæði í nefndum þingsins svo og í þeim umræðum sem þegar hafa farið fram. Þær breytingar, sem gerðar voru á þessu frumvarpi í hv. efri deild, sýna og glögglega að þeir, sem sömdu frumvarpið, virðast ekki hafa gert sér nokkra grein fyrir því verki sem þeir þá voru að vinna.

Fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar fékk til viðræðna við sig á fundum sínum fulltrúa Seðlabanka Íslands, fulltrúa viðskiptabankanna svo og sparisjóðanna. Það kom glögglega fram í máli þessara fulltrúa, að ekkert samband hafði verið haft við viðskiptabankana né sparisjóðina, þegar frumvarpið var undirbúið, og lítið samband haft við Seðlabankann. Engra upplýsinga hafði verið aflað um fyrirkomulag skattlagningar innlánsstofnana í næstu nágrannalöndum okkar, sem hafa mætti til hliðsjónar þegar slík löggjöf skyldi sett. Í athugasemdum við frumvarpið var ekki heldur fjallað um veigamestu atriði málsins, eins og það, hvaða áhrif skattlagningin kynni að hafa á innláns- og útlánsvexti og á eiginfjárstöðu innlánsstofnananna, þar með á efnahagsmálin. Þegar svo Seðlabankinn og sambönd viðskiptabanka og sparisjóða höfðu lagt fram ýtarlegar greinargerðir um þetta og önnur atriði málsins voru heldur engar athugasemdir við þær lagðar fram af hálfu fjármálaráðuneytisins fyrr en þess var beinlínis óskað af hálfu fjárhags- og viðskiptanefndar þessarar deildar. Sú umsögn, sem þá kom fram, 30. apríl, varpar hins vegar engu nýju ljósi á þau veigamiklu atriði, sem hér um ræðir.

Í upphaflegri gerð frumvarpsins var beinlínis gert ráð fyrir bæði tvísköttun og afturvirkni. Reynt var að leiðrétta þetta með breytingu sem fjármálaráðuneytið kom á framfæri við fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar og þar var samþykkt. Ekki tókst betur til en það, að í núverandi gerð sinni gerir frumvarpið ráð fyrir afturvirkum veltuskatti fyrir fyrstu mánuði ársins 1982, auk þess sem innlánsstofnunum einum skattgreiðenda er ætlað að greiða tekjuskatt á tekjuöflunarári í stað álagningarárs.

Af þeim greinargerðum, er fram hafa verið lagðar, og þeim umræðum, sem fram fóru í fjárhags- og viðskiptanefnd, er augljóst að skattlagning innlánsstofnana hlýtur að koma niður á viðskiptavinum, þ. e. sparifjáreigendum og lántakendum, eða að öðrum kosti skerða eiginfjárstöðu stofnananna. Það var álit bæði Seðlabankans og fulltrúa stofnananna sjálfra, að eiginfjárstaða þeirra sé það veik og útlit um afkomu þeirra það tvísýnt, að ekki megi koma til skerðingar eiginfjárstöðu. Hlyti þá skattlagningin að leiða til lækkunar innlánsvaxta eða hækkunar útlánsvaxta frá því sem ella hefði verið. Með tilliti til mikilvægis þess, að sparnaður haldist uppi og aukist, virðast mestar líkur til þess, að hækkun útlánsvaxta kæmi til sögunnar. Varla er unnt að gera ráð fyrir að þetta sé það sem vakað hefur fyrir mönnum þegar frumvarpið var undirbúið og lagt fram.

Þegar nefndarmenn áttu viðræður við viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra, sem mættu á fundum nefndarinnar, kom hins vegar skýrt fram, að tækist innlánsstofnunum ekki að mæta þessum auknu útgjöldum með meiri rekstrarhagkvæmni yrði vaxtabreyting til að koma svo fyrir hag stofnananna yrði forsvaranlega séð.

Af því, sem hér hefur verið vakin athygli á, svo og þeim greinargerðum, sem fram hafa verið lagðar, má sjá að hér er um að ræða mál sem hefur hlotið afar takmarkaðan og með öllu ófullnægjandi undirbúning.

Vegna þess svo og þeirra alvarlegu afleiðinga, sem skattlagning innlánsstofnana í þessari mynd hefði í för með sér, leggjum við til, að **frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1982.

Matthías Á. Mathiesen,
frsm.

Sighvatur Björgvinsson.

Matthías Bjarnason.

Albert Guðmundsson.